



MOBOTIX

Security-Vision-Systems



Heildarlausn í eftirliti



Siglin í kringum heiminn - tvisvar
- bls 2



Morgunfundur með Mobotix
- bls 3



360° sýn með Mobotix Q24
- bls 4



Mobotix siglir í kringum heiminn – tvisvar

Bernt Lüchtenborg er fyrrum byggingarverktaki með stórar hugmyndir: að sigla í kringum heiminn á segl skútu, tvisvar, án þess að setja fót á fast land. Fyrst siglir Bernt með ríkjandi vindum, létt upphitun eins og hann kallar það, en síðan snýr hann við og siglir á móti vindi. Mobotix hefur ákveðið að festa ferðina á mynd með þremur Mobotix IP eftirlitsmyndavélum ásamt því að styrkja ferðina fjárhagslega.

Í samvinnu við ferðaskráningarkerfi skútunnar munu Mobotix eftirlitsvélarnar taka ljósmyndir með tveggja klukkustunda millibili ásamt því að taka myndskleið í hvert skipti sem skipstjórinn ýtir á þar til gerðan hnapp í stjórnborði skútunnar. Allar eftirlitsvélarnar eru búnar 16GB minnskorti sem geyma myndskleiðin og myndirnar, en jafnframt getur Bernt sent þær til höfuðstöðva sinna í þýskalandi í gegnum gervihnattatengingu.

Takist Bernt Lüchtenborg ætlunarverk sitt fer hann í sögubækurnar fyrir að vera sá fyrsti til að sigla tvisvar í kringum heiminn einn síns liðs. Bernt er því sannur frumkvöðull, rétt eins og Mobotix er frumkvöðull á sviði myndeftirlits.

Nánari upplýsingar um ferðalag Bernts má finna á www.mobotix.com



Mobotix í sókn þrátt fyrir efnahagslægð

Mobotix Group, móðurfélag Mobotix, skilaði frábærum árangri á síðasta fjárhagsári, sem lauk í Júlí síðastliðnum, en sala fyrirtækisins jókst um 27% á milli ára og nam rúmum átta milljörðum króna. Nýlega voru tvær nýjar útgáfur af vinsælum eftirlitsmyndavélum kynntar en viðbrögð viðskiptavina hafa verið mjög góð. Búið er að bæta enn betur veðurþéttleika eftirlitsvélanna og eru þær nú veðurvarðar samkvæmt IP-66 staðli ásamt því að nýr örgjörvi hefur tekið við sem stóreykur afköst við úrvinnslu. Nýju vélarnar eru Q24 og D24, sem koma í stað Q22 og D22, en væntanleg er á markað M24 sem kemur í stað M22.

Svar tækni er sölu og þjónustuaðili Mobotix á Íslandi.

Morgunfundur með **Mobotix**

Mobotix og Svar tækni bjóða til morgunverðarfundar fimmtudaginn 17. september á Hótel Sögu. Sölustjóri Mobotix fyrir Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin, Bo Ørbjerg, mun þar ásamt starfsfólki Svar tækni kynna lausnir Mobotix og helstu nýjungar í vörulínunni en undanfarið hefur Mobotix kynnt nýjar eftirlitsmyndavélar sem vakið hafa mikla athygli. Fundurinn fer fram í salnum Yale á Hótel sögu.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Skráning er á netfanginu skraning@svar.is
Nánari upplýsingar fást á www.Svar.is/morgunfundur eða í síma 510 6000.

Dagskrá:


- 08:00** – Skráning og morgunverðarhlaðborð
- 08:30** – Opnunarorð frá framkvæmdastjóra Svar tækni
- 08:45** – Kynning á Mobotix - Bo Ørbjerg
- 09:30** – Nýjungar frá Mobotix - Rúnar Sigurðsson
- 10:00** – Áætluð lok á morgunfundi

Mobotix IP hágæða eftirlitsmyndavélar

Mobotix býður yfirgripsmikla línu af eftirlitsmyndavélum sem geta leyst öll þau verkefni sem fyrir þær eru lagðar. Með hærri upplausn en keppinautar sínir tekst Mobotix að skara fram úr í myndgæðum. Ekki er þörf á sérstökum zoom-linsum því auðvelt er að skoða upptökur eftir á með digital zoom. Jafnframt getur ein myndavél nú leyst af hólmi allt að fjórar aðrar

Mobotix eftirlitsmyndavélnar notast við IP-net samskiptamáta sem gerir alla fjar-skoðun mun auðveldara en áður hefur þekkt. Jafnframt sparast tími og kostnaður við lagnavinnu þar sem ekki þarf sérstakan rafmagnskapal að hverri myndavél. Einnig er hægt að nýta þau lagnakerfi sem fyrirtæki eru með fyrir í netkerfum sínum. Svar tækni er viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mobotix á Íslandi.





Mobotix Q24 – 360° sýn

Eitt svæði – Ein myndavél

360° linsa ásamt 3.1 megapixla upplausn gefur þér möguleika á að vakta svæði allt að 100 m² með einungis einni háupplausnar Mobotix Q24 myndavél. Ein myndavél kemur því í stað fjölmargra hefðbundinna.

Áreiðanleg úti sem inni

Mobotix Q24 er fánleg í veðurvörðu húsi samkvæmt IP-66 staðli og því skiptir engu máli hvort þú notir hana inni eða úti, í -30° frosti eða 60° hita.

Verðlaunuð hönnun

Verðlaunuð hönnun gerir það að verkum að eftirlitsmyndavélin fellur inn í umhverfi sitt og því er hægt að vakta svæði án þess að mikið beri á því.



reddot design award

Kemst fyrir hvar sem er

Með innbyggðri upptöku á minniskort er hægt að koma Q24 eftirlitsvélinni fyrir hvar sem er. Lyfta, strætisvagn, flutningaskip – Q24 gefur þér möguleika á að vakta svæði sem áður hefur ekki verið hægt að fylgjast með.

